



# Stjórnarháttayfirlýsing 2021

## Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Stjórn og stjórnendur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er verið að uppfylla þær kröfur sem fram koma í 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins stuðst við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins í febrúar 2021. Sjóðurinn vísar þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda vegna atriða er varða hluthafafundi og hluthafa.

### Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykktu sjóðsins. Sjóðnum var lokað fyrir nýja sjóðfélaga 1. júlí 1998.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum sjóðsins.

### Stjórnarhættir

Lífeyrissjóðurinn leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint. Í reglunum er fjallað um verksvið stjórnar, boðun stjórnarfunda, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður, hagsmunatengsl og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

### Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Í leiðbeiningunum er hvatt til þess að stjórn skipi starfskjaranefnd til að setja sjóðnum starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn um laun og önnur starfskjör. Þar sem sjóðurinn er í umsýslu hjá Brú lífeyrissjóði á hún ekki við hjá sjóðnum.

Þá hvetja leiðbeiningarnar til þess að tilnefningarnefnd sé kosin á aðalfundi en hún á ekki við hjá sjóðnum.

### Lög, reglur og tilmæli

Lífeyrissjóðurinn er eftirlitsskyldur aðili sbr. lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lög, reglur og tilmæli sem varða starfsemi lífeyrissjóða er hægt að nálgast á heimasíðu Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlit, [www.fme.is](http://www.fme.is).

Innri reglur og stefnur sjóðsins eru m.a. eftirfarandi:

- Starfsreglur stjórnar
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar
- Starfsreglur áhættunefndar
- Starfsreglur samstarfsnefndar
- Siðareglur
- Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti
- Fjárfestingarstefna
  - Hluthafastefna- og stefna um ábyrgar fárfestingar
- Áhættu- og áhættustýringastefna
- Persónuverndarstefna
- Útvistunarstefna
- Stefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

### Áhættustýring



Stjórn hefur sett sjóðnum áhættu- og áhættustýringastefnu. Í áhættustefnunni eru skilgreindar aðferðir sjóðsins til að stýra og/eða minnka áhættu og í áhættustýringastefnunni kemur fram hvernig sjóðurinn hefur eftirlit með einstökum áhættum.

Sviðsstjóri áhættustýringar hjá Brú lífeyrissjóði er ábyrgðarmaður með framkvæmd og eftirfylgni með áhættu- og áhættustýringastefnu sjóðsins og heyrir hann beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi hefur hann beinan og milliliðalausán aðgang að stjórn, áhættunefnd og endurskoðunarnefnd.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringum í ársreikningi sjóðsins.

## Innra eftirlit

Innra eftirlit sjóðsins er skipulagt með það að markmiði að sjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum og reglum sé framfylgt. Innri endurskoðun yfirfer árlega virkni innra eftirlits sjóðsins. Að framkvæmd innra eftirlits koma allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti. Innra eftirlit sjóðsins byggir meðal annars á verkferlum, starfslýsingum, skýrsluskilum, upplýsingagjöf, aðgreiningu starfa og aðgangsstýringum.

## Sjálfbærni, fjölbreytileiki og siðferði

Stjórn samþykkti þann 10. mars 2021 nýjar og breyttar starfsreglur stjórnar. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, hlutverk og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald, skipan undirnefnda stjórnar, þagnar- og trúnaðarskyldu og móttöku nýrra stjórnarmanna.

Siðareglur sjóðsins voru einnig teknar til endurskoðunar á árinu en markmið þeirra er að stuðla að góðum starfsháttum, gæta að hagsmunum sjóðfélaga, tryggja að viðskipti séu stunduð af heilindum, koma í veg fyrir spillingu og mútur og tryggja gott orðspor sjóðsins.

Sjóðurinn leggur áherslu á samfélaglega ábyrgð og hefur samþykkt bæði hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Haustið 2021 skrifaði sjóðurinn undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um fjárfestingu fyrir 30,5 milljón Bandaríkjadala, eða tæplega 4 milljarða króna, í verkefnum sem tengjast hreinni orku og loftlagstengdum verkefnum fram til ársins 2030. Í eignasafni sjóðsins eru nú þegar fjárfestingar fyrir tæplega 7 milljarða króna sem flokkast undir skilgreiningu slíkra grænna fjárfestinga og áhersla á grænar fjárfestingar er í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Sjóðurinn er í rekstrarumsjón hjá Brú lífeyrissjóði sem hefur lagt áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, með tengingu við heimsmarkmið um 3 um heilsu og vellíðan og markmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Þá er Brú lífeyrissjóður aðili að IcelandSIF og FESTU sem styrkir vegferð sjóðanna á sviði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga, innleiðingu ábyrga starfshátta og þekkingu á samfélagsábyrgð.

## Stjórn

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins og sér til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykktu sjóðsins. Stjórnin tekur stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi sjóðsins. Hún mótar og ber ábyrgð á skipulagi og virkni innra eftirlits. Stjórn semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innri endurskoðun. Jafnframt ræður hún löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast ytri endurskoðun sem og tryggingastærðfræðing til að sjá um tryggingafræðilega athugun.

Stjórn gerir starfsáætlun fyrir hvert ár og í upphafi starfsárs færir stjórn síðan helstu verkefni sín og áherslur á starfsárinu inn á starfsáætlunina.

Stjórn hefur skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og áhættunefnd.



## Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar sem tengdar eru almannahagsmunum eins og lífeyrissjóðir starfrækja endurskoðunarnefnd. Stjórn skipar endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn. Starfsreglur endurskoðunarnefndar má finna á heimasíðu sjóðsins.

Í endurskoðunarnefnd eru Birgir Björn Sigurjónsson formaður, Ása Clausen og Gísli Hlíðberg Guðmundsson.

Á árinu 2021 fundaði endurskoðunarnefnd 9 sinnum.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar
- Mat á óhæði og eftirlit með störfum endurskoðanda
- Leggja fram tillögu um val á innri og ytri endurskoðanda

## Áhættunefnd

Stjórn skipar áhættunefnd en hún heyrir beint undir stjórn. Starfsreglur áhættunefndar má finna á heimasíðu sjóðsins.

Í áhættunefnd eru Birgir Björn Sigurjónsson, formaður og Halldóra Káradóttir.

Á árinu 2021 fundaði áhættunefnd 9 sinnum.

Hlutverk áhættunefndar er eftirfarandi:

- Ráðgefandi fyrir stjórn við mótun áhættustefnu og áhættuvilja
- Ráðgefandi um framkvæmd innleiðingar á áhættustefnu og áhættustýringu sjóðsins
- Tekur þátt í að auðkenna lykiláhættuþætti sjóðsins
- Leggur mat á fyrirkomulag og virkni áhættustýringar
- Yfirfer og metur álagspróf og sviðsmyndir
- Yfirfer skýrslu og niðurstöður um eigið áhættumat
- Ráðgefandi við stjórn um mótun fjárfestingastefnu
- Ráðgefandi vegna stærri fjárfestingaverkefna að beiðni stjórnar

## Endurskoðun

Ársreikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyriertækja.

## Skipan stjórnar og stjórnarmenn

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm stjórnarmönnum og jafnmörgum varamönnum. Borgarráð Reykjavíkurborgar skipar þrjá stjórnarmenn og tveir eru skipaðir af Sameyki. Á árinu 2021 voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins þannig að næsta stjórn verður skipuð 2 varamönnum í stað 5 áður. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár en núverandi stjórn tók til starfa í september 2018. Aðalmenn í stjórn sjóðsins frá þeim tíma eru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir sem er formaður stjórnar, Ása Clausen, Janus Arn Guðmundsson, Rannveig Ernudóttir og Þorgrímur Hallgrímsson.

## Árangursmat

Stjórnin gerði ekki árangursmat á störfum sínum á árinu 2021 en sú vinna frestaðist yfir á fyrsta ársfjórðung ársins 2022. Árangursmat á störfum stjórnar er gagnlegt tæki til að gera stjórn betur í stakk búna til að takast á við framtíðarverkefni og bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar. Störf stjórnar sýna að stjórnarmenn hafa metnað í störfum sínum og var mæting á stjórnarfundi góð og stjórnarmenn eru virkir í sínum störfum.



## Fjöldi funda og mæting

Á árinu 2021 voru haldnir 14 stjórnarfundir þar af var einn vinnufundur stjórnar.

Minna var um námskeið á árinu en til stóð vegna Covid-19 en haldið var eitt námskeið á árinu.

Upplýsingar um fundarsókn einstakra stjórnarmanna koma fram í eftirfarandi upplýsingum um hvern og einn stjórnarmann.

## Stjórnarmenn

### Þórdís Lóa Þórhallsdóttir er formaður stjórnar

Þórdís Lóa hefur setið í stjórn sjóðsins frá því í september 2018. Hún er borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Viðreisn, formaður borgarráðs og situr í stjórn Faxaflóahafna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þórdís Lóa er með BA í félagsfræði og meistaraþróf í rekstrarhagfræði og félagsráðgjöf. Hún hefur sinnt stjórnunarstörfum bæði á opinbera og almenna markaðnum. Þórdís Lóa sat 14 stjórnarfundum á árinu 2021.

### Ása Clausen

Ása hefur setið í stjórn sjóðsins frá 2011. Hún var aðalbókari Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar til 2004 og fjármálastjóri Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 2004-2019. Starfar í dag sem verkefnastjóri hjá Sameyki. Ása hefur starfað í mörgum nefndum og ráðum fyrir hönd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í gegnum árin. Ása sat 14 stjórnarfundum á árinu 2021.

### Janus Arn Guðmundsson

Janus Arn hefur setið í stjórn frá því í september 2018. Janus Arn er framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins. Hann er stjórnsmálafræðingur að mennt. Hann hefur m.a. starfað hjá Háskóla Íslands við eflingu tengsla Háskólans við atvinnulífið. Hann hefur verið virkur í félagsstörfum og setið í mörgum nefndum og ráðum. Janus Arn sat 14 stjórnarfundum á árinu 2021.

### Rannveig Ernudóttir

Rannveig hefur setið í stjórn sjóðsins frá því í nóvember 2018. Hún er varaborgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Pírata og situr í öldungaráði. Rannveig er með BA í guðfræði og tómtunda- og félagsmálafræði og stundar diplómanám í öldrunarfræðum. Rannveig er virknipjálfi í þjónustukjarna aldraðra við Dalbraut. Hún hefur verið virk í félagsstörfum og setið í mörgum nefndum og ráðum. Rannveig sat 14 stjórnarfundum á árinu 2021.

### Þorgrímur Hallgrímsson

Þorgrímur hefur setið í stjórn frá 2011 en hann er rekstrarstjóri hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Þorgrímur sat 14 stjórnarfundum á árinu 2021.

## Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga nr. 129/1997, reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Gerður Guðjónsdóttir. Gerður lauk cand.oecon. prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1987 og löggildingu í endurskoðun árið 1993. Hún starfaði við endurskoðun frá árinu 1987-2007 og var fjármálastjóri hjá Hafnarfjarðarbæ frá 2007-2014. Gerður hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins frá 1. júlí 2014.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 26. janúar 2022.